

Nefndasvið Alþingis  
Berist efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 – 10

Tilvísun vor: 98.11  
Dags.: 22.02.2006

150 REYKJAVÍK


**Efni: Breyting á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög – 436. mál**

Með bréfi nefndarinnar frá 10. febrúar 2006 var Landsvirkjun sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum, 436. mál. Svar fyrirtækisins fer hér á eftir.

Auk frumvarps þess sem hér er til umsagnar liggur nú einnig fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (opinber hlutafélög) 404. mál. Þar er gert ráð fyrir að fella inn í lögin nokkrar sérreglur er varða opinber hlutafélög. Landsvirkjun telur að reglur þessar yrðu til bóta og mun mæla með því að það frumvarp verði samþykkt.

Með fyrirliggjandi frumvarpi til laga, sem hér er nú til umsagnar, um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum, 436. mál (opinber hlutafélög) er gengið nokkru lengra en í hinu fyrrnefnda frumvarpi hvað varðar afskipti alþingis og sveitarstjórna af rekstri hlutafélaga í opinberri eigu. Telja verður að hlutverk Alþingis sé meðal annars að móta þá umgjörð sem afmarkar starfsemi fyrirtækja og stofnana. Landsvirkjun telur að réttur alþingismanna og tækifæri til að hafa eðlilegt eftirlit með rekstri hlutafélaga í eigu ríkisins sé allvel tryggður með ákvæðum í lögum um ríkisendurskoðun sem er undirstofnun Alþingis auk þess sem alþingismenn geta ætíð snúið sér með fyrirspurnir til viðkomandi ráðherra. Þannig fari eftirlit löggjafans fyrst og fremst fram á vettvangi Alþingis og innan veggja þess. Með hliðstæðum hætti geta sveitarstjórnarmenn komið fyrirspurnum sínum og athugasemdum á framfæri innan viðkomandi sveitarstjórnar. Með vísan til ofangreinds telur Landsvirkjun ekki þörf á að ganga svo langt í afskiptum löggjafarvaldsins af daglegum rekstri fyrirtækja í eigu hins opinbera sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi frumvarpi.

Virðingarfyllst

  
Örlýgur Þórðarson  
yfirmaður lögfræðimála